

Sp. 304. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]
um bankaútibú á Sauðárkróki.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess, að einhver ríkisbankanna setji upp útibú á Sauðárkróki.

Greinargerð.

Að undanfögnu hefur bankakerfi þjóðarinnar verið í miklum vexti, og hafa bankarnir keppzt um að reisa stórhýsi og útibú fyrir starfsemi sína. Ekki verður þó sagt, að landsmenn allir hafi notið góðs af þessari bættu þjónustu bankanna, og hefur í engu rætt úr aðstöðu sumra byggðarlaga, sem enga bankaþjónustu hafa.

Á Sauðárkróki er starfandi sparisjóður, en löng leið er til útibúa bankanna á Akureyri, Siglufirði og Blönduósi, enda mun Skagafjörður ekki talinn eðlilegt viðskiptasvæði þessara útibúa. Almennur áhugi er fyrir því á Sauðárkróki, að einhver ríkisbankanna stofnsetji þar útibú, þar sem bankaviðskipti eru Skagfirðingum nú óþarflega torveld.

Fyrir rúmu ári var samþykkt einróma í bæjarstjórn Sauðárkróks að leita eftir því við Landsbankann, að bankinn stofnaði þar útibú. Var bankaráði Landsbankans ritað bréf um málið, en enn þá hefur ekkert svar borizt. Þar sem fordæmi eru fyrir því, að fjallað sé um slík mál á Alþingi, þykir rétt að hreyfa þessu nauðsynjamáli með tillögu til þingsályktunar.